

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2004

frá 26. apríl 2004

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn,
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn:

„c) Gerðir bandalagsins sem koma til framkvæmda 1. janúar 2004:

- **32003 R 1382**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) (Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. EBL 238, 5.9.2002, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1.

^(*) StjómSKIPULEG skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*